

**42. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
9. september 2019
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH),
Aðalsteinn Magnússon (AM), Bryndís Sigurðardóttir (BS), Jóhann Birkir
Helgason (JBH) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Einir Steinn Björnsson, Formaður

Dagskrá:

**1. Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps. Breyting á aðalskipulagi við Dunhaga. -
1712033**

Tekin fyrir breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018, Dunhagi, var
auglýst í maí 2019 með frest til að skila inn athugasemdum fyrir 5. júlí 2019.
Ein athugasemd barst, undirrituð af 62 einstaklingum, fimm einstaklingar drógu
undirskriftir til baka. Jafnframt kom stuðningsyfirlýsing við breytinguna, undirrituð
af 23 einstaklingum. Einnig liggur fyrir minnisblað frá VSÓ ráðgjöf dags. 9. ágúst
2019 er varðar svar við athugasemdum.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að
aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt. Nefndin bendir á að athugasemdir
sem fram komu beinast meira að deiliskipulagi en aðalskipulagi og því mun nefndin
taka athugasemdirnar fyrir við gerð deiliskipulags.*

Óskar Örn Gunnarsson fer af fundi kl. 17:20

2. Bugatún 16, umsókn um lóð - 1908087

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Hrafnshól ehf dags. 21. ágúst 2019 þar sem sótt er um
lóðina við Bugatún 16, Tálknafirði.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að búið er að byggja sökkul á
lóðinni. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hefja viðræður við Hrafnshól um sölu á
sökklinum.*

*Nefndin bendir á að breyta þarf deiliskipulagi svæðisins og telur eðlilegt að
umsækjandi greiði fyrir deiliskipulagsbreytinguna þar sem hann óskar eftir henni.*

3. Drög að leiðbeiningum um gjaldskrár byggingarfulltrúaembætta - 1908018

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Tryggva Þórhallssyni fh. Sambands íslenskra
sveitarfélaga þar sem lög er fram drög að fyrirmynd að gjaldskrá
byggingarfulltrúaembætta.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að drögin verði notuð sem
fyrirmynd að gjaldskrá Tálknafjarðarhrepps 2020.*

4. Súrefnistankur - 1907039

Lögð fram umsókn frá Sigurvin Hreiðarssyni f.h. Arctic smolt dags. 24. maí 2019 þar
sem sótt er um leyfi til að reisa súrefnistank á lóð fyrirtækisins. Meðfylgjandi

umsókn er teikning frá verkfræðistofunni Víðsjá dags. 15. maí 2019.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið, byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi að öllum formsatriðum uppfylltum.

5. Fóðurgeymsla - stækkun á húsi 3 - 1907038

Tekin fyrir að nýju umsókn Sigurvins Hreiðarssonar fyrir hönd Arctic Smolt hf dags. 20. júní 2019 um leyfi til stækkunar á húsi H3, jafnframt lagðar fram teikningar frá Gingi teiknistofu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið, byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi að öllum formsatriðum uppfylltum.

6. 20 m³ olútankur í Norður Botni - 1905001

Tekið fyrir að nýju erindi Sigurvins Hreiðarssonar fyrir hönd Arctic Smolt haf dags. 29. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir 20 m³ olútanki við húsnæðið til samræmis riss sem fylgdi umsókn.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd hafnar erindinu þar sem olútankurinn er utan byggingarreits.

7. Lóðarblað fyrir Dunhaga - 1908121

Tekið fyrir lóðarblað dags. 29. ágúst 2019 fyrir Dunhaga unnið af byggingarfulltrúa. Umrædd lóð er 300 m² til samræmis við fasteignaskrá.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja lóðarblaðið.

8. Umsókn um lóð - 1909177

Tekin fyrir umsókn Aðalsteins Magnússonar fyrir hönd Allt í járnum ehf dags. 6. september 2019 þar sem sótt er um lóð við endann á húsi fyrirtækisins að Hrafnadalssvegi undir segldíkstjald sem er 12x24 metrar.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir umrædda lóð og leggur til að heimila grenndarkynningu skv. 2.mgr. 43.gr skipulagslaga nr.123/2010. Lagt er til að erindið verði grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum Hrafnadalssvegar nr. 1, Strandgötu 42, 44-46 og 48-50. Kostnaður við grenndarkynningu greiðist af umsækjanda.

9. Strandgata 25, íbúðir í iðnaðarhúsnæði - 1904157

Tekið fyrir bréf Jóns Steindórssonar dags. 8. júlí 2019 fyrir hönd Skipaafgreiðslu Vestfjarða þar sem óskað er eftir viðræðum við sveitarfélagið til þess að veita heimild til að nýta fasteignina sem sama hætti og áður, þ.e. gistingu fyrir starfsmenn sína.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að umrætt húsnæði er á skipulögðu hafnarsvæði og ekki gert ráð fyrir breytingum á því. Erindinu er því hafnað.

10. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám - 1909178

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Lilju Magnúsdóttur fyrir hönd Sjótækni ehf þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám sem stendur neða við Hafnarskemmuna skv meðfylgjandi mynd.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gám til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir stöðuleyfi utan skipulags geymslusvæðis er kr. 40.000,- pr. gám.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Benedikt Davíð Hreggviðsson
(BDH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Bryndís Sigurðardóttir (BS)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)